

6. OKTÓBER
2023

HALLGRÍMSKIRKJA
REYKJAVÍK



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ARCHORA

í Hallgrímskirkju

FÖSTUDAGSRÖÐ

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tímalengd verka

METACOSMOS 13'

Heyr þú oss himnum á 5'

Ad Genua 11'

ARCHORA 18'

Tónleikarnir eru teknir upp af Rás 1 og sendir út síðar.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

ARCHORA í Hallgrímskirkju

TÓNLEIKAR 6. OKTÓBER KL. 18:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Bryndís Guðjónsdóttir
einsöngvari

Kór Hallgrímskirkju

Steinar Logi Helgason
kórstjóri

Anna Þorvaldsdóttir
METACOSMOS (2018)

Anna Þorvaldsdóttir
Heyr þú oss himnum á (2005)

Anna Þorvaldsdóttir
Ad Genua (2016)

Anna Þorvaldsdóttir
ARCHORA (2022)

Þýðingar á söngtextum má finna á bls. 12

For information in English about tonight 's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020, fyrst kvenna til að gegna þeirri stöðu. Samstarf hennar og Sí nær allt aftur til ársins 2005 en þá tók hin 23 ára gamla Eva Ollikainen að sér að stjórna hljómsveitinni á framhaldsskólatónleikum í Háskólabíói með nær engum fyrirvara. Á árunum 2007 til 2010 stjórnaði Ollikainen nokkrum áskriftartónleikum við frábærar undirtektir og árið 2019 stýrði hún sveitinni á fyrstu tónleikum sínum í Eldborg. Í beinu framhaldi var henni boðin staða aðalhljómsveitarstjóra en núverandi samningur hennar við hljómsveitina nær til ársins 2026. Eva Ollikainen var ekki nema 12 ára þegar hún hóf að sækja tíma í hljómsveitarstjórn við ungmennadeild Síbelíusarakademíunnar í Helsinki en þar átti hún meðal annars eftir að njóta leiðsagnar Leifs Segerstam og Jorma Panula. Samhliða lagði hún stund á píanónám og útskrifaðist með mastersgráðu 2002. Hún hlaut fyrstu verðlaun í hinni alþjóðlegu Panula-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003, þá 21 árs en ferill hennar hefur byggst markvisst upp allar götur síðan.

Innblásin og fersk túlkun og smitandi ástríða fyrir tónlistinni samhliða yfirburða þekkingu og tækni hefur markað Evu Ollikainen sess sem eftirsóttur hljómsveitarstjóri um víða veröld. Á meðal hljómsveita sem hún hefur starfað með má nefna Fílharmóníusveitir Helsinki, Los Angeles og Stokkhólms, Sinfóníuhljómsveitir Baltimore og Vínarborgar og Metropolitan-sinfóníuhljómsveitina í Tókýó. Hún hefur auk þess haslað sér völl sem stjórnandi óperuflutnings, m.a. við Konunglegu óperuhúsin í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Finnску þjóðaróperuna. Þá má nefna að samstarf Evu Ollikainen og Önnu Þorvaldsdóttur hefur verið einkar farsælt en Eva Ollikainen hefur stjórnað hljómsveitarverkum Önnu á tónleikum víða um heim.



Anna Þorvaldsdóttir

TÓNSKÁLD

Anna Þorvaldsdóttir hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu undanfarin ár, en verk hennar hafa verið pöntuð af ýmsum fremstu hljómsveitum, tónlistarhópum og tónleikastöðum heims, þ.á m. Berlin Philharmonic, New York Philharmonic, Los Angeles Philharmonic, Orchestre de Paris, City of Birmingham Symphony Orchestra, Gothenburg Symphony Orchestra, Ensemble Intercontemporain, Danish String Quartet, Carnegie Hall og BBC Proms. Meðal þeirra fjölmörgu annarra hljómsveita sem leikið hafa verk Önnu má nefna Royal Councertgebouw Orchestra, Boston Symphony Orchestra, BBC Symphony Orchestra, BBC Philharmonic, San Francisco Symphony og NDR Elbphilharmonie Orchester. Þá hefur tónlist hennar einnig verið í brennidepli á tónleikastöðum og hátíðum á borð við Wigmore Hall, Royal Albert Hall, Aldeburgh Festival, Tanglewood Music Festival, Southbank Centre, Lucerne Festival og Royal Opera House.

Verk Önnu hafa hlotið ýmsar viðurkenningar og verðlaun og er Anna til að mynda handhafi Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2012, Kravis Emerging Composer Award frá New York Philharmonic 2015 og hinna bresku Ivors Academy tónskáldaverðlauna 2021.

Anna er með doktorsgráðu í tónsmíðum frá University of California, San Diego.

Komið hafa út sex portrait plötur með verkum Önnu í útgáfu Innova Recordings, Deutsche Grammophon og Sono Luminus. Plöturnar hafa allar hlotið afar góðar viðtökur og dóma og hafa t.a.m. margsinnis verið valdar á lista yfir bestu plötur ársins hjá The New York Times, The New Yorker Magazine, Boston Globe og NPR Classical.

METAXIS, nýtt verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, verður frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikainen á Listahátíð í Reykjavík í maí nk. Alrými sjálfrar Hörpu er í burðarhlutverki, en tónskáldið lýsir verkinu sem innsetningu fyrir tvístraða hljómsveit, rafhljóð og rými. Áheyrendum gefst einstakt tækifæri til að kanna tónlistina á virkan hátt út frá ólíkum sjónarhornum með því að ganga um og finna hvernig upplifun tónlistarinnar breytist við hvert fótst. Frumflutningur METAXIS er hluti af opunarhátíð Listahátíðar í Reykjavík 2024 og samstarfsverkefni hátíðarinnar, Hörpu og Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Bryndís Guðjónsdóttir

EINSÖNGVARI

Bryndís Guðjónsdóttir lauk meistaraþráðu í óperusöng með láði árið 2021 frá Universitöt Mozarteum í Salzburg í Austurríki en áður hafði hún lokið bakkalárþráðu með láði frá Universitöt Mozarteum árið 2019. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna og komið fram á fjöllum óperuhúsa og með símfóníuhljómsveitum svo sem í Kiel, Kassel, Stuttgart, München, Salzburg, Prag, Róm, Vilnius, Sevilla og Madrid.

Verkaskrá Bryndísar er breið og spannar margar aldir en á meðal ópera sem hún hefur sungið einsöng í eru *Dido og Aeneas* eftir Purcell, *Töfraflautan* og *Mildi Títusar* eftir Mozart, *Ævintýri Hoffmanns* eftir Offenbach, *Owen Wingrave* eftir Britten, *Birtingur* eftir Bernstein og *Rabbi rafmagnsheili* eftir Þorkel Sigurbjörnsson.

Á meðal hljómsveitarverka eru *Stabat Mater* eftir Pergolesi, *Mattheusarpassía* J. S. Bach, *9. símfónía* Beethovens, *Carmina Burmana* eftir Carl Orff og *Þjóðlög* Berios.

Framundan hjá Bryndísi er einsöngur í *Sálumessu* Mozarts á Óperudögum í Hallgrímskirkju, áramótatónleikar í Sevilla, *Carmina Burana* með Konunglegu fílharmóníusveitinni í Prag og *Töfraskyttan* eftir Weber í Óperuhúsinu í Kiel. Bryndís hefur áður komið fram með Símfóníuhljómsveit Íslands, í *Ævintýrinu um Töfraflautuna* fyrr á þessu ári og á jólatónleikum í desember 2021.



Kór Hallgrímskirkju

Kór Hallgrímskirkju var stofnaður haustið 2021 og telur nú um 55 manns. Kórinn hefur frá stofnun tekið þátt í helgihaldi í Hallgrímskirkju ásamt því að sinna tónleikahaldi og upptökum. Hann leggur mikið upp úr flutningi á íslenski kórtónlist og stuðlar að nýsköpun með frumflutningi nýrra tónverka. Kórinn hefur pantað og frumflutt verk eftir Finn Karlsson, Elínu Gunnlaugsdóttur, Sigurð Sævarsson, Hjálmar H. Ragnarsson, Þorvald Örn Davíðsson og Hildigunni Rúnarsdóttur. Kór Hallgrímskirkju hefur einnig átt í gjöfulu samstarfi við Barokkbandið Brák og verða næstu tónleikar af því tagi þann 3. desember næstkomandi undir yfirskriftinni *Barokk á aðventunni*. Tónleikarnir í kvöld marka fyrsta skiptið sem Kór Hallgrímskirkju kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Steinar Logi Helgason

KÓRSTJÓRI

Steinar Logi Helgason lærði á píanó í Tónmenntaskóla Reykjavíkur, Nýja tónlistarskólanum og í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hann hóf nám í Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 2010 og tók þar kirkjuorganistapróf en lauk síðar bakkalárgráðu af kirkjutónlistarbraut Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Björns Steinars Sólbergssonar. Steinar Logi stundaði stjórnandanám til meistaraþrófs við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan í lok árs 2020. Hann hefur stjórnað fjölda kóra og starfað víða sem organisti, píanóleikari og stjórnandi. Hann var ásamt Cantoque Ensemble tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2021 sem tónlistarhópur ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Steinar Logi tók við stöðu kórstjóra Hallgrímskirkju haustið 2021.

METACOSMOS

Hljómsveitarverkið METACOSMOS var samið fyrir Fílharmóníusveitina í New York sem frumflutti það undir stjórn Esa-Pekka Salonen í apríl 2018. Verkið hlaut frábærar viðtökur og dóma í þarlandum stórblöðum og hefur, frá því þetta var, verið leikið á tugum tónleika í túlkun margra af virtustu símfóníuhljómsveitum heims. METACOSMOS kom út í margrómaðri hljóðritun Símfóníuhljómsveitar Íslands, sem tilnefnd var til Grammy-verðlauna 2019 og var jafnframt valin ein af bestu klassísku hljóðritunum þess árs af gagnrýnendum *The New York Times*.

Tónlistin á Íslandi

METACOSMOS hljómaði fyrst á tónleikum Sí á Myrkum músíkdögum 2019 og þá undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Verkið var flutt öðru sinni á tónleikum hljómsveitarinnar í apríl síðastliðnum undir stjórn Evu Ollikainen og í sama mánuði stýrði Ollikainen svo hljómsveitinni í tónleikaferð um Bretlandseyjar þar sem METACOSMOS var flutt á öllum sjö tónleikum sveitarinnar.

METACOSMOS hefst í óræðu þyngdarleysi. Djúpir og fljótandi tónar á lágu tónsviði umlykja okkur um stund áður en kröftugur hvellur eins og hleypir atburðarásinni af stað. Þetta er viðburðaríkt hljómsveitarverk; fullt af andstæðum og togi á milli ólíkra afla og kennda, birtu og rökkurs, glundroða og kyrrðar, fljótandi tímaleysis og ágengs takts. Fíngerð, smástígg stef yfir löngum, ómstríðum tónum, bjartar laglínur brjóta sér leið í gegnum myrka hljómaklasa, skerandi pikkolóflauta kallast á við djúpt muldur kontra-bassa. Veröldin er aldrei eintóna eða fyrirsjáanleg, við skynjum sífellt viðnám, undirdjúp og spennu – hvort sem er í myrku upphafinu eða í björtum samhljómi í lok verksins.

Viðburðaríkt verk sem lýtur sterkum innri lögmálum og myndar eina samfellda heild. Framvindan er lífræn og náttúruleg, hljóð bráðna saman, gliðna sundur, finna sér nýja farvegi, gjósa, gufa upp. Hliðstæður úr náttúru eru nálægar en eins og kunnugt er sækir Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) tónlistarlegan innblástur í hreyfingar, form og togkraft náttúrunnar. Sjálf hefur hún talað um að hugmyndin um svarthol, óendanlega smátt með sinn óstjórnlega togkraft, hafi verið ein af kveikjum þessa verks, ekki sem myndhverfing eða viðfangsefni heldur uppspretta og innblástur. Dáleiddandi sogkraftur, líf andspænis afli og ókunnri veröld þaðan sem ekkert fær sloppið. Hér er það hlustandans að gefa sig þessu afli á vald og leyfa sér að sogast með inn í ókunna veröld, handan þess sem við þekkjum.

Heyr þú oss himnum á

Heyr þú oss himnum á, við samnefnt kvæði séra Ólafs frá Söndum, er ein elsta útgefna tónsmíð Önnu Þorvaldsdóttur, samin árið 2005 þegar Anna var 28 ára gömul en eldri verk í útgefinni tónverkaskrá hennar eru kórverkið *Heyr mig mína sál* (einnig við kvæði séra Ólafs) og sembalverkið *Fingerprints*, bæði frá 2003.

Heyr þú oss himnum á var samið fyrir Sumartónleika í Skálholtskirkju. Anna var í hópi fjögurra ungra tónskálda sem bauðst að gegna stöðu staðartónskálds sumarið 2005 ásamt þeim Gunnari Andreas Kristinssyni, Huga Guðmundssyni og Þóru Marteinsdóttur sem öll voru að stíga sín fyrstu skref á tónsmíðabraitinni. Anna hafði lokið BA-prófi í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands ári áður en þar hafði hún notið leiðsagnar Mistar Þorkelsdóttur og Þorkels Sigurbjörnssonar.

Kveikjan að kórverkinu er gamall miðaldasálmur, tvíradda Sanctus, sem finna má í handriti af Kvæðabók séra Ólafs Jónssonar frá Söndum en í Morgunblaðsviðtali við ungu staðartónskáldin fjögur sumarið 2005 talar Anna um hve lærdómsríkt og gefandi það hafi verið að sökkva sér í tónlistararf fyrri alda og veita inn í samtímann. Verk Önnu er innblásið af gömlum hljóðheimi og miðaldalaglínunum, undurfalleg, hugleiðslukennd og heillandi perla sem hefur ferðast víða, komið út í fjölmörgum hljóðritum og hljómað í meðförum kóra um allan heim.

Tónlistin á Íslandi

Hljómeyki frumflutti
Heyr þú oss himnum á
í messu í Skálholtskirkju
í júlí 2005 undir stjórn
Árna Harðarsonar en
verkið hefur síðan
hljómað í flutningi ótal
kóra á Íslandi, hvort
tveggja á tónleikum og í
hljóðriti. Þetta er í fyrsta
sinn sem kórverk Önnu
Þorvaldsdóttur er flutt á
tónleikum SÍ.

Ad Genua

Tónverkið *Ad Genua* var samið að beiðni hins margverðlaunaða bandaríska kammerkórs *The Crossing* sem fékk, laust fyrir árið 2016 sjö tónskáld úr ólíkum áttum til semja tónlist út frá óratoríunni *Membra Jesu Nostrī* eftir danska barrokktonskáldið og organistann Dieterich Buxtehude.

Óratoría Buxtehude frá árinu 1680 er sett saman af sjö kantötum sem allar lúta á einn eða annan hátt að þjáningu Krists á krossinum en texti hveftrar og einnar hverfist um einn líkamshluta Krists; fætur, hné, hendur, síðu, bringu, hjarta og andlit. Hnén (*genua*), tákn auðmýktar, styrks og tilbeiðslu eru viðfangsefni kantötu númer 2 sem kom í hlut Önnu Þorvaldsdóttur að semja út frá og í samstarfi við Guðrúnu Evu Mínervudóttur, sem samdi texta verksins.

Tónlistin á Íslandi

Ad Genua hefur einu sinni áður verið flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands á hátíðarviðburði sem fram fór 1. desember 2018 í Eldborg í tilefni af hundrað ára fullveldis-afmæli á Íslandi. Jóna G. Kolbrúnardóttir söng einsöng, Schola Cantorum fór með kórhlutverkið og Bjarni Frímann Bjarnason hélt um tónsprotann. Verkið var frumflutt af kammerkórnum *The Crossing* og *International Contemporary Ensemble* undir stjórn Donald Nally sumarið 2016, fyrst í Biskupakirkjunni í Philadelphia í Pensylvaníu-ríki og stuttu síðar á tónlistarhátíðinni *Mostly Mozart* í Lincoln Centre í New York.

Ad Genua er samið fyrir sópransöngkonu, kammerkór og strengjakvintett; á tónleikum kvöldsins leikur heil strengjasveit. Verk fullt af áhrifamiklum andstæðum líkt og svo oft í hljóðheimi Önnu þar sem togast á ólíkar kenndir en sjálf hefur Anna sagt að þrá eftir fegurð á tímum sársauka og þjáningar sé ein af kveikjum verksins. Einmana og björt einsöngsrödd yfir þykkum og stundum ógnvekjandi hljómaklösum, löturhægar og leitandi hendingar undir kvikum og skoppandi bogahreyfingum. Bjartur sópran, djúpar karlaraddir, dramatískur þungi sem vex sífellt samhliða auðmjúku og íhugulu ákalli um fyrirgefningu, einingu og að lokum tilbeiðslu hinnar eilífu tónlistar sem lifir með okkur í hljóðlátu og undursamlegu niðurlagi verksins.

ARCHORA

Hljómsveitarverkið *ARCHORA* var samið fyrir PROMS-tónlistarhátíð breska ríkisútvarpsins, BBC, þar sem það var frumflutt af Fílharmóníusveit BBC undir stjórn Evu Ollikainen sumarið 2022. Frumflutningur verksins hlaut fádæma góðar viðtökur, var valinn einn af hápunktum tónlistarársins af gagnrýnendum *The Guardian* og verkið hefur hljómað í flutningi fjölmargra hljómsveita síðan.

ARCHORA er samsett orð úr ranni Önnu sem vísar í hið forna (eða arkaíska) og í hliðstæða heima (*chora*, sem samkvæmt heimspeki Platons er óræður staður eða staðleysa) en kveikjur verksins eru meðal annars hugmyndir um upprunalegan frumkraft og alltumlykjandi hliðstæða veröld sem er í senn kunnugleg og framandi, kyrrstæð og síbreytileg, hvergi og alls staðar á sama tíma. Allt tengist en tengsl orsakar og afleiðingar eru hvorki auðsæ né fyrirsjáanleg, í mörgum hliðstæðum heimum verða til ólíkar afleiður og margs konar líf.

ARCHORA hefst með myrkum drunum sem tengja okkur við undirdjúp og alltumlykjandi alheimsorku. Kontrabassafagott og bassaklarinett, túbur og bassabásúna mynda ásamt djúpum strengjum stöðugan (og síkvikan) eilífðarsón og yfir honum taka að hljóma ómstríðir strengir, flautuandvörp og sláttur sem skapa óreiðu og hreyfingu. Hljóðheimurinn verður æ blæbrigðaríkari og óræðari, blástur, hvinur, hvellir og högg. Slátturinn ágerist, tónaklasarnir stríka, spennan vex og leysist af og til upp í bjöguðu, hnígandi stafi sem gengur á milli ólíkra hljóðfærahópa og hljómar nánast eins og neyðaróp eða ákall, kunnuglegt og framandi á sama tíma. Þegar dregur nær miðbiki ARCHORA verður yfirbragðið sífellt óreiðukenndara, stríðara og þyngra þar til taktfastur sláttur og ákall í strengjum taka að hljóma á ný. Niðurlag ARCHORA er löturhægt og áhrifaríkt þar sem tíminn er þaninn til hins ýtrasta; víólur spila síendurtekið tónaandvarp á meðan bjartir og (síðar einungis) djúpir strengir sameinast í djúpum nið, allt um kring flögra hljóðfæri sem fjara smátt og smátt út, ofurhægt, og hverfa að lokum inn í eilífðina, hvergi og alls staðar.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti ARCHORA á tónleikum í Eldborg haustið 2022 og þá án orgels enda er þáttur þess valfrjáls í verkinu; hér fær það að hljóma í allri sinni dýrð. Fyrr á þessu ári kom út platan ARCHORA / AION á vegum Sono Luminus þar sem Eva Ollikainen stjórnar flutningi SÍ á hljómsveitarverkum Önnu. Platan hefur fengið frábæra dóma í heimspressunni m.a. hjá BBC Music Magazine sem gaf disknum 5 stjörnur af 5 mögulegum.

Söngtextar

AD GENUA

I fall
I fall
I fall
(I fall)
to my knees and ask
forgiveness
I fall, I fall, I fall
to my knees and ask forgiveness
for lazy thoughts,
unseemly
hunger
and the beautiful,
wild stampede of my fear

(I fall, I fall, I fall)

I fall
I fall
I fall
to my knees and into
the dark haze
of the purple, innocent sky
(I fall, I fall, deep)
I fall deep into the sky and beg
for clarity
for true satisfaction
and union
of the soul

I give myself up
(I give)
I give up
I fall
I fall
I fall
to my knees and worship
the eternal music
(eternal)

KNÉ JESÚ

Ég fel
ég fel
ég fel
(ég fell)
anda minn á vald
því bláa
sem sefar hungur mitt
og allt sem grætur um nætur
Ég fel, ég fel
elsku mína og
hungur
á vald
fegurðinni í því bláa

(ég fell, ég hníg, ég fell)


Ég fer
ég fer
ég fer
inn um hlið úr eyðandi
eldi
Ótti minn er fagur og feigur
(ég fell, ég hníg, ég fell)
Villuljós sem dofnaði,
slokknáði
Ég fell inn í saklausan
eilífan
sálarhimin

Ég giftist heiminum
(ég gef)
ég gefst upp
ég fell
ég hníg
ég fell
á kné og tilbið þig,
vaxandi eilífð
(vaxandi)

Guðrún Eva Mínervudóttir

Á döfinni

12.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eldbjørg og Tortelier

Yan Pascal Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2016–2019 og snýr nú aftur með spennandi efnisskrá í farteskinu þar sem tilfinningaþrungin og glæsileg tónlist frá Frakklandi og Finnlandi er í aðalhlutverki. Einleikari á tónleikunum er hin unga, norska fiðlustjarna Eldbjørg Hemsing sem á undanförunum árum hefur haslað sér völl sem einn kraftmesti fiðluleikari sinnar kynslóðar í Evrópu.

Hún leikur hér hinn ægifagra fiðlukonsert Sibeliusar, ástaróð tónskáldsins til hljóðfærisins þar sem hugmyndaflug og einstakt tónmál hans nýtur sín til fulls. Tónleikarnir hefjast á hrifandi en sjaldheyrðum forleik franska tónskáldsins Gabriels Fauré að óperunni Pénélope frá 1913, sem samin var upp úr efni Ódyssefskiðu. Eftir hlé verður frumflutt verk eftir Yan Pascal Tortelier sjálfan, fyrir einleiksfíðlu og hljómsveit en svo hljómar hin stórbrotna Sinfónía í B-dúr eftir Ernest Chausson en verk hans búa jafnan yfir bæði dramatískri stærð og ljóðrænni fágun.

19.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eric Lu leikur Mozart

Kínversk-bandaríski píanóleikarinn Eric Lu hefur á undanförunum árum skotist hátt upp á stjörnuhimin píanóheimsins en árið 2018 bar hann sigur úr bítum í hinni virtu Leeds-píanókeppni, þá aðeins tvítugur. Lu hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir dýpt og fágun í túlkun sinni, ekki síst í verkum Mozarts. Á þessum tónleikum leikur hann einmitt síðasta píanókonsertinn Mozarts, nr. 27 í B-dúr, verk sem geislar af hlýju og mannskilningi.

Eftir hlé hljómar fyrst hinn kraftmikli og áleitni tvöfaldi konsert Bohuslavs Martinů fyrir tvær strengjasveitir, píanó og pákur, saminn á viðsjárverðum tímum í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar. Tónleikunum lýkur á gerólíku verki, Sinfóníu nr. 8 eftir Antonín Dvořák, sem margir telja þá innilegustu og frumlegustu af níu sífóníum hans, en verkið er uppfyllt af hrifandi náttúrumyndum og fuglasöng. Hljómsveitarsjtóri er Tomáš Hanus en hann er meðal fremstu hljómsveitarstjóra Tékklands af sinni kynslóð.

Kór Hallgrímskirkju

Sópran

Álvilda Eyvör Elmarsdóttir
Aoife O'Brien
Arnhildur Lilý Karlsdóttir
Ásthildur Hanna Ólafsdóttir
Guðrún Helga Stefánsdóttir
Hrefna Björg Gylfadóttir
Iðunn Kristínardóttir
Katría Kristjánsdóttir
Katrín Svava Másdóttir
Margrét Snorradóttir
Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir
Sólveig Eir Stewart
Sólbjörg Björnsdóttir
Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Alt

Áslaug Thorlacius
Birna Helgadóttir
Brynhildur Auðbjargadóttir
Erla Jónatansdóttir
Helena Stefáns Magneudóttir
Lára Kristín Unnarsdóttir
Lóa Katrín Biering
Margrét Helga Hjartardóttir
Ragnheiður María Benediktsdóttir
Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir
Svanhildur Óskarsdóttir
Sveindís Ýr Sigríðar-Sveinsdóttir
Vala Bjarney Gunnarsdóttir

Tenór

Ari Páll Kristinsson
Ágúst Arnórsson
Guðlaugur Valgarðsson
Hákon Þrastar Björnsson
Hjalti Þór Þórssón
Mark Petty
Símon Karl Sigurðarson Melsteð
Sæmundur Rögnvaldsson
Sölvi Rögnvaldsson
Þorbjörn Rúnarsson

Bassi

Arnar Steinn Friðbjarnarson
Ásgrímur Ari Einarsson
Bragi Benediktsson
Egill Pétursson
Eiríkur Stephensen
Emil Agnar Sumarliðason
Fy Rambelo-Manga
Garðar Helgi Biering
Garðar Sigurðarson
Gunnar Björn Gunnarsson Maríuson
Júlíus Máni Sigurðsson
Sigurður Guðni Gunnarsson
Stefán Sigurjónsson



Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Laufey Jensdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Ólga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir

2. fiöla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson

Víóla

Rita Þorfiris
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Ragnhildur Jósefsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Matthías Nardeau
Eyðis Lára Franzdóttir
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Birkir Örn Hafsteinsson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Guðrún Erlendsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Orgel

Björn Steinar Sólbergsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfisdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



ARCHORA / AIÖN

Ný útgáfa á verkum Önnu Þorvaldsdóttur í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ARCHORA / AIÖN, fær frábæra dóma í heimspressunni. New York Times velur diskinn í hóp með 5 áhugaverðum klassískum plötum sem nú er vert að hlusta á.

Gagnrýnendur hrífast af stórkostlegum frumkröftum í tónlist Önnu þar sem slípaðir tónar takast á og faðmast í flóknum leik ljóss og skugga.



BBC Music Magazine

SINFONIA.IS